



*\*sent á alla fulltrúa LSS*

## Ágæti fulltrúi/formaður deildar LSS

Reykjavík 28. maí 2018

### Efni: Boðun félagsfundar Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna 5. júní 2018.

Með bréfi þessu boðar stjórn Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna til félagsfundar LSS í fundasal BSRB þriðjudaginn 5. júní frá kl. 10-12, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík.

#### Dagskrá fundarins

1. Setning
2. Formgallar á 17. þingi LSS
3. Nefnd um jöfnun atkvæðavægis innan LSS
4. Tillaga SHS deildar til stjórnar LSS um skiptingu LSS í tvær deildir
5. Önnur mál

Þann 23. maí barst stjórn LSS áskorun frá SHS deild sem samþykkt á deildarfundi þeirra, ásamt undirskriftalista, þess efnis að boða til félagsfundar í samræmi við grein 22.4 í lögum LSS og er það gert hér með.

#### Hér má má finna VI kafla um félagsfundi LSS úr lögum félagsins.

##### *22. grein.*

- 22.1 Þing félagsins hafa æðsta vald í þeim málefnum, sem fyrir þau eru lögð, samkvæmt lögum þessum eða öðrum ákvörðunum. Lögmaetir félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins milli þinga, innan þeirra marka, sem lög þessi setja.
- 22.2 Allir félagsmenn skulu hafa rétt til að sækja félagsfundi. Leitast skal við að halda félagsfundi á þeim stað, sem auðveldar fundarsókn. Samþykktir félagsfunda mega ekki fara í bága við samþykktir þinga LSS eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.
- 22.3 Félagsfundi skal boða með minnst 7 daga fyrirvara með rafrænu fundarboði til allra deilda félagsins. Í fundarboði skal geta dagskrár, þannig að fram komi öll þau mál, sem til umfjöllunar verða á fundinum. Ekki má taka fyrir málefni á félagsfundi, sem varðað geta hagsmuni einstakra félagsmanna sérstaklega, nema þess hafi verið getið tryggilega í fundarboði.
- 22.4 Félagsfund skal halda þegar þörf krefur, en einnig ef 50 félagsmenn eða fleiri krefjast þess skriflega að fundur verði haldinn um tiltekið málefni. Komi fram slík krafa skal halda félagsfund innan tveggja vikna eftir að krafan er réttilega fram komin.

##### *23. grein.*



23.1 Halda skal gerðabók og skrá í hana þau málefni, sem fyrir eru tekin á þingum og félagsfundum. Skal með sama hætti og greinir í 20. grein bóka skýrlega það sem um er fjallað og skrá sérstaklega allar samþykktir félagsfunda. Fundagerð skal vera aðgengileg á heimasíðu LSS.

Skráning félagsmanna fer fram á skrifstofu LSS í síma 562 2962 eða [lsos@lsos.is](mailto:lsos@lsos.is) Taka þarf fram hvort viðkomandi mætir eða ætli að taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur ekki tök að greiða niður ferðakostnað að þessu sinni.

### **Með félagskveðju,**

Í umboði stjórnar LSS

Hermann Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri